

## Tjaldrímur:

Kristján sat á kontornum  
kímdi í sál og lyndi,  
potaði niður pennanum,  
páraði tékk í skyndi.

Fékk svo Gumma fararvald:  
“Farðu vítt um lendum,  
náðu oss í nýjan Tjald  
Noregs út við strendur”.

Norðmenn höfðu nægtarborð  
nógum krásum hlaðið.  
Samt þeir áttu ekki orð,  
er þá sáu blaðið.

Síðan bátnum ýttu út,  
alveg laut við fípið:  
“Velbíkom og versogud-  
veskú, - hér er skipið.

Af þeim var þó ekki svipt  
einu stærsta vandanum:  
Að þeir gátu ekki skipt  
ávísunar fjandanum.

En Kiddi brostu út og inn,  
aðeins brúnum hleypti.  
Og svo fyrir afganginn  
annan Tjald hann keypti.

Að þeim skipum enginn hló,  
eða þótti miður.  
Átján hæðir upp úr sjó  
og áttatíu niður.

D  
dásamlega skíni.  
Utanborðs og innan allt  
er úr postulíni.

Á færibandi fiskarnir,  
fara í silfurskrínu.  
Og úr gulli önglamir  
eru á silkilínu.

Mæta góður mannskapur  
má því ekki lúra,  
kátir semja klámvísur,  
keppast við að skúra.

Og um borð er ástundað,  
ef menn taka að svitna,  
sólbekkur og sánabað,  
svo þeir ekki skitna.

Jói ekkert hræðist hret  
hann því fiskar betur.

Og með tölvu aflamet  
alla dag setur.

Hjálmar sér um saltfiskinn  
sæmdarmaður prúður.  
Metur gula málfiskinn,  
marhnúta og lúður.

Nú er kæst og klónum læst  
í kílasteinbít ljótann.  
Á er sæst ef í það næst  
og það sparar kvótann.

Kyssi alda öldufald  
örlagavald þig sigrað getur.  
En leggirðu saman Tjald og Tjald,  
tjaldar sjaldan annar betur.

*Höfundur Grétar Kristjónsson.*